

Miðlunartillaga ríkissáttasemjara

í kjaradeilu Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum sem lögð var fram 31. janúar 2017 og samþykkt í atkvæðagreiðslum af báðum aðilum þann 10. febrúar 2017.

Helstu atriði miðlunartillögu eru:

Gildistími og atkvæðagreiðsla

Miðlunartillagan gildir frá 1. janúar 2017 til 31. mars 2018.

Launahækkningar

1. janúar 2017 hækka laun tónlistarskólakennara um 13,5%

1. mars 2017 hækka laun tónlistarskólakennara um 3,5%

1. janúar 2017 hækka laun skólastjórnenda um 8,13%

1. mars 2017 hækka laun skólastjórnenda um 2,0%

Sérstök eingreiðsla

Sérstök eingreiðsla kr. 350.000, m.v. fullt starf, greiðist í tvennu lagi. Þann 1. mars 2017 greiðast kr. 300.000 og þann 1. júní 2017 kr. 50.000. Upphæðir greiðast hlutfallslega miðað við starfstíma og starfshlutfall í febrúar 2017.

Annaruppbót

Kennari/stjórnandi í fullu starfi skal fá greidda annaruppbót (persónuuppbót) í lok hverrar annar, þ.e. 1. desember og 1. júní. Með fullu starfi er átt við 100% starf, tímabilið 1. janúar til 31. desember. Hafi starfsmaður gengt hlutastarfi skal hann fá greitt miðað við starfshlutfall og starfstíma.

Annaruppbót 1. júní 2017

kr. 82.500-

Annaruppbót 1. desember 2017

kr. 82.500-

Launaröðun aðstoðarskólastjóra og deildarstjóra

Launaröðun aðstoðarskólastjóra og deildarstjóra fer samkvæmt launatöflum skólastjórnenda frá 1. janúar 2017.

Ný grein 1.4.6 um viðbótarlaunaflokka vegna prófa skólastjórnenda hljóðar svo:

Hafi skólastjóri, aðstoðarskólastjóri eða deildarstjóri lokið formlegu 60 ECTS eininga prófi (diplóma) á háskólastigi, sem nýtist í starfi, hækkar hann um einn launaflokk. Viðbótarmentun vegna diplómaprófs samkvæmt ofangreindu er mest metin til eins launaflokks.

Hafi skólastjórnandi lokið meistaraþrófi á háskólastigi, sem nýtist í starfi, hækkar hann um tvo launaflokka til viðbótar.

Viðbótarmentun vegna diplóma og meistaraþrófs er mest metin til þriggja launaflokka. Einingar eru aldrei tvítaldir.

Hafi skólastjórnandi lokið doktorsþrófi, sem nýtist í starfi, hækkar hann um þrjú launaflokka til viðbótar.

Hækkun samkvæmt grein þessari skal taka gildi næstu mánaðamót eftir að starfsmaður leggur fram fullnægjandi gögn um námið.

Ný grein 1.4.7 um viðbótarlaunaflokka vegna stjórnunarreynslu hljóðar svo:

Hafi skólastjóri, aðstoðarskólastjóri eða deildarstjóri 5 ára stjórnunarreynslu í tónlistar, grunn-, leik- eða framhaldsskóla raðast hann einum launaflokki hærra en annars væri, eftir 10 ára stjórnunarreynslu sem stjórnandi í tónlistar-, grunn-, leik- eða framhaldsskóla bætist annar launaflokkur við og eftir 15 ára stjórnunarreynslu sem stjórnandi í tónlistar-, grunn-, leik- eða framhaldsskóla bætist þriðji launaflokkurinn við.

Með miðlunartillögunni fylgir eftirfarandi bókun aðila:

Aðilar eru sammála um að æskilegt sé að launamyndun kennara og stjórnenda í tónlistarskólum verði í meginatriðum sambærileg við launamyndun kennara og stjórnenda í öðrum skólagerðum. Með þessari miðlunartillögu eru stigin skref í þá átt sérstaklega varðandi mat á menntun og stjórnunarreynslu skólastjórnenda til launa og launasetningu ungra kennara með niðurfellingu aldursþrepa í launatöflu tónlistarskólakennara. Til þess að kanna grundvöll þess að haldið sé lengra á þessari braut á næstu árum verður skipaður starfshópur sem ætlað er að leggja mat á kosti og galla við frekari samræmingu og eftir atvikum að lýsa æskilegri framtíðarstöðu. Hvor aðili skipar þrjá fulltrúa í starfshópinn. Miðað er við að starfshópurinn skili niðurstöðum sínum til samningsaðila fyrir lok mars 2018.